



# 7.bekkur

## Kennsluáætlanir



# Efnisyfirlit

Danska .....	bls 3
Enska .....	bls 5
Heimilisfræði .....	bls 8
Hönnun og smíði .....	bls 10
Íslenska .....	bls 12
Íþróttir .....	bls 17
Leiklist .....	bls 19
Náttúrugreinar .....	bls 21
Samfélagsgreinar .....	bls 23
Sjónlistir .....	bls 25
Stærðfræði .....	bls 27
Sund .....	bls 31
Sviðslistir .....	bls 33
Textílmennt .....	bls 35
Upplýsingamennt .....	bls 37

# Danska

## Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Á þessu tímabili verður unnið með eftirfarandi þætti:

### Lestur, málfræði, ritun og hlustun

Markmiðið er að:

- Að nemendur þjálfist í að nota dönsku í daglegu tali.
- Að auka orðaforða sem tengist daglegu lífi.
- Að nemendur þjálfist í að tala dönsku.
- Að nemendur þjálfist í að rita dönsku.

## Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Start grunnbók og vinnubók

Smart, grunnbók og vinnubók

Myndbönd og þættir

## Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Innlögn Verkefnavinna Hlustun

Kennari: Kristín Davíðsdóttir

## Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Metið út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla Símat jafnt og þétt yfir veturinn

# Danska

## Viðmið úr námskrá

### GF danska 7.bekkur - Lesskilningur

- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.

### GF danska 7.bekkur - Samskipti

- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

### GF danska 7.bekkur - Frásögn

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.

### GF danska 7.bekkur - Menningarlæsi

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðháttu og þekktra staða.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

### GF danska 7.bekkur - Náms hæfni

- Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

# Enska

## Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Á þessu tímabili verður unnið með eftirfarandi þætti:

### Lestur, málfræði, ritun og hlustun

Markmiðið er að:

- Að nemendur þjálfist í að nota ensku í daglegu tali.
- Að auka orðaforða sem tengist daglegu lífi.
- Að nemendur þjálfist í að tala ensku.
- Að nemendur þjálfist í að rita ensku.

## Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Action grunnbók og vinnubók ýmis verkefni og myndbönd Google kennsluumhverfið

## Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Einstaklingsvinna

Innlagnir

verkefnavinna

Sameiginleg yfirferð og leiðsögn

## Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Metið út frá metanlegum hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla

Kannanir

Símat í kennslustundum

Kennari: Kristín Davíðsdóttir

# Enska

## Viðmið úr námskrá

### GF enska 7.bekkur - Hlustun

- Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.
- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

### GF enska 7.bekkur - Lesskilningur

- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

### GF enska 7.bekkur – Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.



# Enska

## Viðmið úr námskrá

### GF enska 7.bekkur - Frásögn

- Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.

### GF enska 7.bekkur - Ritun

- Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.
- Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.

### GF enska 7.bekkur - Náms hæfni

- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.
- Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.
- Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.

# Heimilisfræði

## Lýsing

Nemendur mæta aðra hverja viku tvo tíma í senn. Nemandi öðlist færni í að fara eftir uppskriftum, baka og elda einfalda rétti. Áhersla lögð á að sjálfstæð vinnubrög, almennt hreinlæti og snyrtimensku við eldhússtörf.

## Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Meðferð matvæla og að vinna mer uppskriftir. Umgengni í eldhúsi og meðhöndlun eldhúsáhalda og tækja, einnig hvað þarf að varast. Áhersla lögð á vinnugleiði, samstarf kurteisi og snyrtimennsku. Nemendur læra sjálfstæði í vinnubrögðum. Nemendur verði meðvitaðir um umhverfið sitt og við flokkum allt rusl í eldhúsinu.

## Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Gott og gagnlegt 3 ásamt vinnubók. Uppskriftabækur  
Uppskriftir af netinu

## Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Verkleg kennsla að mestu. Nemendur vinna sjálfstætt og í hópum, en njóta leiðsagnar kennara. Einnig bókleg kennsla og vinnubókarvinna.

## Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Símat þar sem stuðst er við hæfnikort sem tekur mið af Aðalnámskrá grunnskóla.

Matsatriði eru m.a. frumkvæði og sjálfstæði nemanda, framfarir og ástundun nemanda, vinnusemi, samvinna og hegðun.



# Heimilisfræði

## Viðmið úr námskrá

### GF heimilisfræði 7. bekkur - Matur og lífshættir

- Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar.
- Gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd.
- Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.
- Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.

### GF heimilisfræði 7. bekkur - Matur og vinnubrögð

- Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.
- Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.
- Greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau.

### GF heimilisfræði 7. bekkur - Matur og umhverfi

- Skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.



# Hönnun og smíði

## Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- Við ætlum að læra að bora, saga, pússa. Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.

## Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Við notum smíðabækur, teikningar og tölvur til þess að fá hugmyndir.

## Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Hlusta vel og reyna að gera sitt besta.

## Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Metið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla.

Kennari: Constantin Bors

# Hönnun og smíði

## Viðmið úr námskrá

### GF hönnun og smíði 7.bekkur - Handverk

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.
- Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.

### GF hönnun og smíði 7.bekkur - Hönnun og tækni

- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.
- Hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum.
- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.
- Lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu.
- Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.
- Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.

### GF hönnun og smíði 7.bekkur - Umhverfi

- Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni.
- Gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra.
- Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.

# Íslenska

## Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Á þessu tímabili verður unnið með eftirfarandi þætti:

**Talað mál, hlustun og áhorf.**

Markmið er að nemendur:

- Geti lesið skýrt með áheyrilegan framburð
- Geti hlustað og tekið þátt í umræðum
- Geti nýtt sér ýmsa upplýsingatækni í námi á gagnrýnin

## Lestur og bókmenntir

Markmið er að nemendur:

- Geti lesið sér til gagns og gamans, hátt sem og í hljóði
- Hafi góðan lesskilning og geti unnið með textann
- Tileinki sér jákvætt viðhorf til lestrar
- Kynnist bókmenntalegum hugtökum eins og söguþráður, sögupersónur og boðskapur
- Að auka orðaforða
- Geti aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum

# Íslenska

## Ritun

Markmið er að nemendur:

- Geti beitt grundvallarreglum í stafsetningu s.s. stór/lítill stafur, punktar, kommur, n - nn reglan, ng/nk reglan.
- Geti skrifað einfaldan texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu
- Geti samið og skrifað texta eins og sögu og ljóð
- Þjálfist í persónusköpum
- Geti nýtt sér hugtökin upphaf, meginmál og niðurlag
- Þjálfist í uppsetningu og frágangi texta

## Málfræði

Markmið er að nemendur:

- Geti leikið sér með tungumálið í riti og tali, s.s rím og orðaleiki
- Geti nýtt sér málfræði og stafsetningu í töluðu máli og ritun
- Þekki helstu einkenni nafnorða s.s. sérnöfn og samnöfn.
- Þekki helstu einkenni sagnorða, s.s. nútíð/þátíð og nafnhátt.
- Þekki helstu einkenni lýsingarorða og geti stigbreytt þau
- Þekki hugtökin samheiti og andheiti
- Þekki hugtakið samsett orð
- Þekki persónufornöfn í et og ft og 1. 2. og 3. persónu

# Íslenska

## **Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?**

Orðspor 3, grunnbók og vinnubók Málrækt 3

Smellur 1-3

Ýmsar lestrarbækur

Annað efni frá kennara

## **Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?**

Innlagnir

Lestur

Verkefnavinna

Ritun

Námsumhverfið Google Classroom

## **Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?**

Metið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla

Lesfimiþróf MMS tekin í september, janúar og maí

Samræmd þróf í september

Símat jafnt og þétt yfir veturinn

# Íslenska

## GF íslenska 7.bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

## Viðmið úr námskrá

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
- Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.
- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.
- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.

## GF íslenska 7.bekkur - Lestur og bókmenntir

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.
- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.
- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.
- Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.
- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.
- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.

# Íslenska

## Viðmið úr námskrá

### GF íslenska 7.bekkur – Ritun

- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.
- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.
- Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda, skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.
- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.

### GF íslenska 7.bekkur - Málfræði

- Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.
- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.
- Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.
- Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.
- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.
- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.



# Íþróttir

## **Markmið – Hvað ætlum við að læra?**

Markmið íþróttakennslu er að örva þroska nemandans og efla afkastagetu hans, s.s. bæta styrk, þol og færni í fín- og grófhreyfingum. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu og að þeir læri m.a. að taka sigri/ ósigri. Áhersla er lögð á jákvæðni í samskiptum, að fara eftir fyrirmælum og taka tillit til annarra. Að nemendur hafi ánægju af íþróttum horfi á þær sem jákvæða upplifun. Læri að bera ábyrgð á eigin heilsu með því að tileinka sér markvissa ástundun íþróttar og/eða líkams- og heilsuræktar og fái þannig vitneskju um mikilvægi heilsuverndar.

## **Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?**

Notumst við þau tæki og tól sem við þurfum hverju sinni.

Að nemendur mæti með viðeigandi fatnað í íþróttir og mælst er til þess að nemendur fari í sturtu eftir tímana.

## **Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?**

Bein kennsla, sýnikennsla, verklegar æfingar, hópavinna. Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni - mikil áhersla á að allir taki þátt og geri sitt besta.

## **Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?**

Ástundun/þátttaka, vinnuframlag í tímum, samvinna, kurteisi, jákvæðni og fara eftir fyrirmælum kennara. Símat þar sem farið er markvisst yfir þá þætti sem koma fram í hæfnikortum nemenda.

# Íþróttir

## Viðmið úr námskrá

### GF íþróttir 7.bekkur

- Gert æfingar sem reyna á þol.
- Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.
- Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir
- Gert sér grein fyrir hvernig hreyfing hefur góð áhrif á líkamlega heilsu.
- Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika.
- Skilji mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt.
- Tekið þátt í ýmsum leikjum.
- Tekið þátt á ábyrgan hátt í útivist með tilliti til aðstæðna.
- Gert æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.
- Notað hugtök sem tengjast íþróttum.
- Geti sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim.

### GF íþróttir 7.bekkur - Öryggis og skipulagsreglur

- Geti gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og fylgt þeim.

# Leikslist

## **Markmið - Hvað ætlum við að læra?**

Spuni, leikræn tjáning, vera góður áhorfandi, taka þátt í hópleikum o.fl.

## **Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?**

Efni frá kennara.

## **Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?**

Spuni, leikræn tjáning, hópleikir o.fl.

## **Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?**

Símat, jafningamat, sviðsframkoma, þátttaka o.fl.

# Leikslist

## GF sviðslistir 7. bekkur – Leiklist

- Nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar.
- Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur.
- Beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum).
- Nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu.
- Skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd og líkamsbeitingu.
- Sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem unnin eru baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði.
- Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína.
- Sýnt fram á tók á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu.
- Rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag.

# Náttúrugreinar

## Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Að nemendur geti tekið þá í að skoða og skilgreina eigið umhverfi og náttúru, geti framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir, úti og inni, tileinki sér skipulögð vinnubrögð í verklegum æfingum og gert sér grein fyrir mikilvægi gagna til að útskýra hluti og kynnist samspili vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.

Markmið er að nemandinn geti:

- þekkt undirstöðu atriðin í einfaldri efnafræði
- þekkt hugtökin rúmmál og massi
- þekkt hugtökin hamur efnis og hamskipti, hitaþennsla, leysni og varmi
- lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd
- þekkt til rafmagsnotkunar á heimilum

## Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Auðvitað -heimilið

Lífríkið í sjó

Ítarefni frá kennara

Google classroom kennsluumhverfið

## Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Innlagnir, Sýnikennsla, Sameigninleg yfirferð og leiðsögn, Verkefnavinna og tilraunir

## Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Metið út frá metanlegum hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla Kannanir

# Náttúrugreinar

## Viðmið úr námsskrá

### **GF náttúrugreinar 7. bekkur - Lífsskilyrði manna**

- Útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu.

### **GF náttúrugreinar 7. bekkur - Náttúra Íslands**

- Lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.
- Útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér.
- Kynnist ólíkum vistkerfum á heimaslóð.

### **GF náttúrugreinar 7. bekkur - Heilbrigði umhverfisins**

- Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum.
- Gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti.
- Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs.

### **GF náttúrugreinar 7. bekkur - Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu**

- Bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi.
- Þekki nokkurheiti algengustu frumefna og efnafræðitákn.

# Samfélagsgreinar

## Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Á þessu tímabili verður unnið með eftirfarandi þætti:

- Sem stuðla að skilningi á grundvallarviðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu.
- Sem tileinka sér réttssýni og ábyrgð og gildismat sem byggir á hæfni til að setja sig í spor annarra
- Kunna að valda landfræðilega þætti Evrópulanda
- Þekki á landakorti nöfn og legu Evrópulandanna, stærstu borgir, ár, vötn, höf, eyjar og fjallgarða
- Þekki helstu menningareinkenni Evrópubúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál

## Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Evrópa grunnbók og vinnubók Ein grjóthrúga í hafinu Kortabók

Ýmis önnur verkefni unnin

## Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Innlagnir Myndbönd Sýnikennsla Verkefnavinna

## Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Metið út frá metanlegum hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla Kannanir

Símat í kennslustundum

# Samfélagsgreinar

## Viðmið úr námskrá

### GF samfélagsgreinar 7. bekkur – Reynsluheimur

#### Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi.
- Lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður.
- Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.
- Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.

### GF samfélagsgreinar 7. bekkur – Hugarheimur

#### Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.
- Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt.
- Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.
- Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast.
- Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.

### GF samfélagsgreinar 7. bekkur - Félagsheimur

#### Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.



# Sjónlistir

## Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- Nota fjölbreyttan efnivið í sköpun.
- Tjá tilfinningar, skoðanir og hugarheim okkar í myndverkum með einföldum hætti.
- Vinna í þrívídd.
- Þekkja verk þekktra listamanna.
- Geta greint mismunandi aðferðir við listsköpun.
- Skapa á sjálfstæðan hátt.

## Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Málningu (vatns, þekju og olíu), pensla, blýanta, pappír, lím, og alla liti (tré-, túss-, klessu-, vax-, krítarliti og fleira)
- Námsefni búið til af kennara
- Hugmyndir frá nemendum

## Kennsluáðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Einstaklingsvinna, hópaverkefni, þemanám, samþætting námsgreina og skapandi verkefni.

## Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Metið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla. Símat jafnt og þétt yfir veturinn ásamt sjálfsmati.

# Sjónlistir

## Viðmið úr námskrá

### GF sjónlistir 7.bekkur - Sjónlistir

- Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun.
- Fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur.
- Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun.
- Gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð.
- Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.

# Stærðfræði

## Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Á þessu tímabili verður unnið með eftirfarandi þætti:

- upprifjun á reikniaðgerðunum
- unnið með negatífar tölur
- samlagning og frádráttur tugabrota
- margföldun og deiling tugabrota
- námundun
- ýmsar tölfræðilegar kannanir
- súlurit, skífurit og línurit
- tölfræðihugtök, t.d. tíðasta gildi, miðgildi og meðaltal
- ákvarða líkur ýmist með tilraunum eða reikningi
- hlutfallareikningur
- frumtölur og samsettar tölur
- forgangsröð reikniaðgerða
- ýmis rúmfræðihugtök eins og horn, hring og marghyrninga
- einslaga form
- mælikvarði

# Stærðfræði

## **Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?**

Stika 3a

Námsspil

Ýmis hjálpargögn, t.d. vasareiknir, gráðubogi, reglustika og hringfari Ljósritað efni frá kennara I-padar

## **Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?**

Innlagnir

Sýnikennsla

Verkefnavinna

Sameiginleg yfirferð og leiðsögn Einstaklingsvinna

Para- og hópavinna

## **Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?**

Metið er út frá metanlegum hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla

Kaflakannanir við lok hvers kafla

Símat í kennslustundum

Samræmt próf í september

# Stærðfræði

## Viðmið úr námskrá

### GF stærðfræði 7. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Leyst stærðfræðiprautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.
- Sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.

### GF stærðfræði 7. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.

### GF stærðfræði 7. bekkur - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.
- Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni.

### GF stærðfræði 7. bekkur - Tölur og reikningur

- Notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.
- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.
- Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.

# Stærðfræði

## Viðmið úr námskrá

### GF stærðfræði 7. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði.
- Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.
- Tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti.
- Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það.

### GF stærðfræði 7. bekkur - Tölfræði og líkindi

- Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.
- Dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur.
- Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.
- Reiknað út líkur í einföldum tilvikum.
- Sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.

# Sund

## Markmið - Hvað ætlum við að læra?

- Synt viðstöðulaust bringusund, baksund, skólabaksund, skriðsund og kafsund, auk þess að stinga sér af bakka. Staðist tímatökur í bringu – og skriðsundi.
- Troðið marvaða og synt í fötum.
- Tekið þátt í hinum ýmsu leikjum.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni.
- Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífnis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.

## Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Notumst við þau tæki og tól sem henta hverju sinni. Sundföt.

## Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Innlögn frá kennara, umræður, verkleg kennsla og sýnikennsla. Notum stöðvaþjálfun og leiki til að brjóta upp hefðbundar kennsluaðferðir.

## Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Ástundun/þátttaka, vinnuframlag í tímum, samvinna, kurteisi, jákvæðni og fara eftir fyrirmælum kennara. Símat þar sem farið er markvisst yfir þá þætti sem koma fram í hæfnikortum nemenda. Gert ráð fyrir að nemendur klári 7. sundstig

# Sund

## GF sund 7.bekkur - Líkamsvitund - leikni - afkastageta

- 300 m bringusund, tímamörk: synt á minna en 10 mínútum.
- 8 m kafsund, stílsund.
- 50 m skólabaksund, stílsund.
- 50 m bringusund á tíma 1:14 mín.
- 25 m skriðsund á tíma 32 sek.
- 15 m björgunarsund með jafningja (skólabaksunds fótatök).

## Viðmið úr námskrá

## GF sund 7.bekkur - Félagslegir þættir

- Vinnur með öðrum, sýnir fallega framkomu og leggur sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi.
- Gerir sér grein fyrir til hvers er ætlast í sundtíma, sýnir góða virkni og hagar námi sínu og störfum í samræmi við það.

## GF sund 7.bekkur - Heilsa og efling þekkingar

- Lífgunaraðferð (hverning á að opna öndunarveg, hvernig á að leggja þann sem blása skal o.s.frv.) getur úrskýrt í orðum.

## GF sund 7.bekkur - Öryggis og skipulagsreglur

- Þrjú leysitök: Grip um báða úlnliði - gripið um framhandlegg með báðum höndum - grip um háls að framan.



# Sviðslistir - Dans

Leitast verður við að þjálfa nemendur í grunnþáttum dansins og markvissum dansleikjum. Dans eflir hreyfiproska nemenda og sjálfsvitund, hann stuðlar að eðlilegum samskiptum, eflir sjálfsöryggi og er gleðigjafi sem vinnur gegn streitu.

## **Markmið – Hvað ætlum við að læra?**

- Markmið okkar er að hreyfa okkur í takt við tónlist og hafa gaman af því að dansa. Við lærum barnadansa og einfalda paradansa, ásamt því að læra samskiptareglur og kurteisisvenjur í dansi.

## **Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?**

- Námsefnið kemur frá danskennara

## **Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?**

- Kennsluaðferðirnar eru ávalt verklegar og er lykilatriðið að vera með. Kennslustundirnar byggjast á upphitunaræfingum, teygjum, danssporum, dansvenjum, dansspuna og leikjum.

## **Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?**

- Námið er metið út frá þátttöku og hegðun í kennslustundum.

# Sviðslistir - Dans

## Viðmið úr námskrá

### GF sviðslistir 7. bekkur - Dans

- Beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu sjálfum sér til ánægju.
- Tjáð sig í dansi, tengt saman hreyfingu, túlkun og tónlist og beitt kurteisisvenjum í dansi.
- Rætt um dans út frá persónulegri upplifun.
- Dansað grunnsþor í paradönsum og einföldum þjóðdönsum.
- Geti sett saman einfalt dansverk, sýnt það og valið undir leiðsögn kennara umgerð (t.d. tónlist og rými) við hæfi.
- Unnið sjálfstætt og með öðrum að dansverkefnum, bæði veitt og tekið á mótum uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana í dansi.

# Textílmennt

## Lýsing

Nemendur mæta vikulega einn tíma í senn. Lögð verður áhersla á vandvirkni og vinnugleði. Verkefnaval frekar frjálst en allir fá æfingu á saumavél og geti bjargað sér og saumað einföld verkefni.

## Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Nemendur nýta sér þá kunnáttu sem þeir hafa þegar öðlast til að vera sjálfbjarga í stofunni og bæta ofan á þekkingu. Ætlast er til þess að nemendur læri að vera sjálfbjarga á saumavél. Nemendur þurfa að geta þrætt nálar og beitt skærum af kunnáttu á textílefni. Nemendur læra að taka upp snið, og sauma einfalt verkefni. Nemendur fá þjálfun í einföldu prjóni og eða hekli, læri muninn og geti gert einfalt verkefni.

## Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Notuð verða ýmis gögn eins og sníðablöð / prjónablöð en einnig notum við netið til að fá hugmyndir.

## Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Innlögn, sýnikennsla og verkleg kennsla.

## Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Símat þar sem stuðst er við hæfnikort sem tekur mið af Aðalnámskrá grunnskóla.

Matsatriði eru m.a. frumkvæði og sjálfstæði nemenda, framfarir og ástundun nemand, vinnusemi, samvinna og hegðun.

# Textílmennt

## Viðmið úr námskrá

### **GF textílmennt 7. bekkur - Handverk, aðferðir og tækni**

- Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.
- Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefum.
- Unnið með einföld snið og uppskriftir.

### **GF textílmennt 7. bekkur**

- Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.
- Gert grein fyrir endurnýtingu og unnið með endurunnið efni.
- Gert grein fyrir helstu eiginleikum textílefni
- Nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu.

# Upplýsingamennt

## Markmið – Hvað ætlum við að læra?

- Nemendur læra að umgangast tölvur á ábyrgan hátt og nota sér til gagns og ánægju
- Nemendur vinna í ýmsum forritum tengdum mismunandi námsgreinum
- Nemendum þjálfast frekar í að vinna í Microsoft office
- Nemendur þjálfast að nota google.com
- Nemendur læra á teikniforrit
- Nemendur vinna markvisst að því að þjálfa fingrasetningu
- Nemendur læra forritun
- Nemendur læra að útbúa videó úr ljósmyndum
- Nemendur þjálfast í upplýsingaleit

## Námsefni – Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Microsoft office, Google námsumhverfið, Photostory, Tux paint, mms.is, 10.fastfingers.com  
senselang.org og code.org

## Kennsluaðferðir – Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Hugmyndavinna, innlögn, margmiðlun, námsleikir, ritun, samræðuaðferðir, sköpun, sýnikennsla, umræður, upplýsingartækni, vinna með ólíka miðla.

## Námsmat – Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Metið út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla. Símat jafnt og þétt yfir veturinn.

# Upplýsingamennt

## Viðmið úr námskrá

### GF upplýsinga og tæknimennt 7.bekkur - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.
- Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.
- Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.
- Beitt réttri fingrasetningu.
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.

### GF upplýsinga og tæknimennt 7.bekkur - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.

### GF upplýsinga og tæknimennt 7.bekkur - Siðferði og öryggismál

- Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.